

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 –10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2004

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum, á 130. löggjafarþingi 2003–2004. Þskj. 867 — 576. mál.

Athugasemdir BSRB við frumvarp um vatnsveitur sveitarfélaga

Lykilorð: Mannréttindi – hlutafélög – GATS - einkaréttur – (innlausnarréttur, eftirlit, upplýsingaskylda) – arðsemiskröfur - samræmi í lögum - ný vatnalög.

BSRB ítrekar enn frekar andstöðu sína við hlutafélagavæðingu vatnsveitna og vísar til fyrri röksemda í því sambandi. Bent er á nýgerða samþykkt Sameinuðu þjóðanna um að nægur aðgangur að vatni metist sem grundvallarmannréttindi og að ekki beri að líta á vatn sem verslunarvöru. Vísast til neikvæðrar reynslu erlendis frá af einkavæðingu vatnsveitna. Þá er nauðsynlegt að horfa til fyrirhugaðra lagabreytinga í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga s.s. GATS-samningsins og gera sér ljóst hvaða hættur kunni að vera þeim samfara.

Nauðsynlegt er að benda á að sveitarstjórnarmál og þar með vatnsveitur sveitarfélaga heyra undir félagsmálaráðuneytið – ekki iðnaðar- eða viðskiptaráðuneyti. Vatn er grundvallarmannréttindi, og ber að líta á það í ljósi samfélagslegra sjónarmiða og heilbrigðisþátta fremur en viðskiptasjónarmiða.

Mannréttindi

BSRB telur ríka ástæðu til að undirstrika mikilvægi vatns sem mannréttindi í lögum þessum og að öll umfjöllun um meðferð vatns taki mið af þeirri grundvallarstaðreynd. Hefur BSRB í fyrri athugasemdum við framkomin frumvörp um vatnsveitur sveitarfélaga lagt til að samþykkt nefndar Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (Committee on economic, social and cultural rights) verði gerð að fyrstu grein laga um vatnsveitur. Setur sú mannréttindasamþykkt Sameinuðu þjóðanna

þann tón sem BSRB álitur eðlilegan þegar kemur að samþykktum Alþingis Íslendinga sem snúa að drykkjarvatni:

„Réttindi manna til aðgangs að drykkjarvatni er undirstaða lífs og heilsu. Nægjanlegt og öruggt drykkjarvatn er forsenda annarra mannréttinda. Rétturinn að drykkjarvatni þýðir að allir eiga kröfu á öruggu, nægjanlegu, aðgengilegu vatni á viðráðanlegu verði sem nægi til daglegra þarfa einstaklings (til drykkjar, heimilishreinlætis, matargerðar og líkamlegs hreinlætis). Nægilegt drykkjarvatn á að túlka á þann veg að mannlegri reisn verði haldið en ekki með þröngum hætti með tilvísun í rúmmálseiningar og tækni, né heldur með því að meta vatn fyrst og fremst sem verslunarvöru. Viðhalda skal rétti manna til drykkjarvatns með sjálfbærum aðferðum sem tryggji að menn haldi þessum réttindum í nútíð og framtíð.“

BSRB telur það hlutverk samfélagsins alls að tryggja að allir Íslendingar fái notið þeirra grundvallarmannréttinda sem greiður aðgangur að vatni er. BSRB álitur það því vera meginhlutverk vatnsveitna sveitarfélaga og skyldu að tryggja að þau markmið sem sett eru í samþykkt S.Þ. náist. Ekki er hægt að afsala þessari lögboðnu skyldu að öllu eða hluta til í hendur einkaaðila og gera vatn þar með að markaðsvöru þar sem þeir einir fái notið sem greiði uppsett verð.

Hlutfélög

BSRB er andvígnt því að heimilt verði að breyta vatnsveitum sveitarfélaga í hlutfélög, sbr. 2. gr. („Sveitarstjórn fer með stjórn vatnsveitu í sveitarfélaginu nema annað rekstrarform hafi sérstaklega verið ákveðið.“) þar sem það mun stuðla að markaðsvæðingu vatnsveitna sem leiða mun til mismununar þegnanna varðandi grundvallarmannréttindi þeirra. Hið opinbera getur ekki afsalað sér skyldu sinni í þessu efni með tilvísun í fjárhagslega hagsmuni, hvort sem er til að leysa tímabundin vandamál sveitarfélaga eða til að tryggja langtíma fjárhagslega hagsmuni einkaaðila með því að opna þeim nýja markaði á þessu sviði.

Þó BSRB telji þá skilyrðingu á meðhöndlun hlutabréfa í hugsanlegri hlutfélagavæddri vatnsveitu sveitarfélagsins sbr. 2. mgr. 4. gr., vera til bóta frá fyrra frumvarpi sama efnis, þá telur BSRB hana ekki fullnægjandi. Vill BSRB benda á að þó svo framsal sveitarfélags á einkarétti sínum og skyldum sé bundið við stofnun eða félag sem er í meirihlutaeigu ríkis og/eða sveitarfélaga, þá hindrar það ekki einkaaðila sem þátttakanda í því hlutfélagi að fara þar með ráðandi hlut.

BSRB leggur því til að orðin „að meiri hluta“ í 2. mgr. 4. gr. verði felld á brott.

Einkaréttur

Samkvæmt lagafrumvarpinu hefur sveitarfélag einkarétt á rekstri og sölu vatns sem það getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins, en með eftirfarandi undantekningum; ákvæði laganna gilda ekki um vatnsveitur sem „vatnsveitufélög eða aðrir starfrækja samkvæmt ákvæðum vatnalaga“, sbr. 3. mgr. 1. gr. né á landsvæði þar sem ekki er talið hagkvæmt að leggja vatnsveitu, 4. mgr. 1. gr. Og þá getur sveitarfélag afsalað sér einkaréttinum ótímabundið til annars aðila sbr. 2. mgr. 1. gr.

BSRB telur að þó ákvæði vatnalaga um vatnsveitufélög, sem sett voru 1923, eigi augljóslega við bændur eða aðra aðila utan þáverandi hugsanlegra þjónustumarkna vatnsveitna, sé nauðsynlegt að yfirfara texta tilvitnaðra vatnalaga til að tryggja að sá skilningur sé skýr að ekki sé um leyfisveitingar til handa vatnsveitum sem reknar séu í hagnaðarskyni að ræða og að fyrirliggjandi frumvarp opni þar af leiðandi ekki á möguleika á rekstri slíkra fyrirtækja, sbr. orðin „og aðrir“. Enda væri þá einkaréttur sveitarfélaga að engu orðinn.

Hvað varðar framsal einkaréttar sveitarfélaga á rekstri vatnsveitna í hendur annarra aðila vísast til ofangreindrar umfjöllunar um hlutafélög. BSRB leggst ennfremur eindregið á móti því að framsal slíks einkaréttar sé **ótímabundinn** og telur það óeðlilegt með öllu.

Í 4. gr. segir ennfremur í 3. mgr. : „Við ráðstöfun skv. 1. mgr. skal eftir því sem við á kveðið á um eignarétt á stofnkerfi vatnsveitu, verð til notenda veitunnar, innlausnarrétt sveitarfélagsins á stofnkerfi og fastafjármunum vatnsveitunnar í samningi aðila auk annarra atriða sem sveitarstjórn telur nauðsynleg.“

BSRB vill gera eftirfarandi athugasemdir við þessa málsgrein. Í fyrsta lagi er það andstætt afstöðu BSRB að sveitarfélög geti selt frá sér stofnkerfi vatnsveitu og fastafjármuni, enda getur sveitarfélagið þá ekki uppfyllt þá skyldu sem BSRB telur eðlilegt að hvíli á sveitarfélaginu. Í annan stað, fari svo að sveitarfélag vilji selja frá sér þessar eignir sínar, þá telur BSRB nauðsyn á að í lögum verði skýrt kveðið á um með hvaða hætti slík sala fari fram, við hvaða tilgreindu skilyrði slík sala geti gengið til baka (t.d. ef hið nýja fyrirtæki uppfyllir ekki þarfir allra íbúa á svæðinu) og að í lögum verði tilgreindir ákveðnir tímarammar um uppsögn slíks samnings og hvenær sveitarfélag geti tekið slíka þjónustu aftur á sínar herðar. Með tilvísun í slæma reynslu af einkavæðingu vatnsveitna erlendis frá, er því nauðsyn að ofangreindri grein verði breytt og ofangreind atriði sett þar inn.

GATS

GATS-samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (General Agreement on Trade in Services) tekur til allra þjónustuviðskipta, þó deilt sé um að hve miklu leyti hann taki til þjónustu sem veitt sé af hinu opinbera. Álit utanríkisráðuneytis á því máli kemur fram í svari við fyrirspurn BSRB frá 01.10. 2002: „Ef fyrirtæki í eigu opinberra aðila starfar á samkeppnismarkaði eiga skuldbindingar GATS við eftir því sem við á, burtséð frá því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur verið hlutafélagavætt.“ Greinileg áhöld eru um hvort þau hlutafélög sem starfa munu að rekstri vatnsveitna samkvæmt lögum þessum munu teljast starfa á samkeppnismarkaði, en þó verður að telja það líklega afleiðingu a.m.k. á sumum svæðum landsins. Þó svo að drykkjarvatn hafi enn ekki verið fellt undir ákvæði GATS samnings gera áhrifamiklir aðilar eins og t.d. Evrópusambandið kröfur til fjölda þjóðríkja um að þau opni innanlandsmarkaði sína með vatn nú fyrir erlendum stórfyrirtækjum og að þau njóti allra sömu réttinda eins og um innlend fyrirtæki sé að ræða. Með því að þessi fyrirhuguðu lög leyfa hlutafélagavæðingu vatnsveitna og þannig markaðsvæða grundvallarmannréttindi, þá stóreykst þrýstingur á íslensk stjórnvöld í framtíðinni að opna fyrir þennan „markað“. BSRB varar eindregið við þeirri hættu.

Upplýsingaskylda og eftirlit

Óljóst er samkvæmt frumvarpinu hvernig fer með upplýsingaskyldu nýs hlutafélags sem kann að vera í sameiginlegri eigu opinberra- og einkaaðila. Gerir BSRB kröfu til þess að í frumvarpið verði bætt ákvæði um að ákvæði Upplýsingalaga muni gilda um slíkt fyrirtæki.

Í síðustu málsgrein 2. gr. er kveðið á um að sveitarstjórn skuli fylgjast reglubundið með því að þjónusta vatnsveitu við íbúa sé í samræmi við það sem lög eða samningar kveða á um. Hafi sveitarstjórn framselt einkarétt sinn á vatnsveitu, selt stofnkerfi sitt og fastafjármuni, sé minnihlutahluthafi í fyrirtæki þar sem einkaaðili fer með ráðandi meirihluta og upplýsingalög gilda ekki, þá er vandséð hvernig sveitarstjórn á að koma því eftirliti við. Enn fremur er ekkert í lögnum sem kveður á um að sveitarstjórn geti beitt nokkrum viðurlögum sé þjónusta fyrirtækisins ekki í samræmi við lög. Ekki er víst að um neina samninga verði að ræða er kveði nánar á um hvernig þjónustu skuli veita, enda er það sveitarfélögum í sjálfsvald sett hvort slíkir samningar verði gerðir, sbr. 4.gr. Þá leggur BSRB áherslu á að fulltrúum neytenda og öðrum aðilum sem telja sig eiga hagsmuna að gæta verði veittur aðgangur að stjórn nýrrar vatnsveitu sem verður til samkvæmt lögum þessum. Sérstaklega er þetta nauðsynlegt þar sem stjórn vatnsveitu hverfur að mestu eða öllu leyti úr höndum kjörinna fulltrúa og flyst yfir á ráðna stjórn nýs hlutafélags. Álítur BSRB nauðsynlegt að við þessum atriðum verði brngðist í lögnum.

Arðsemiskröfur

BSRB fagnar þeim breytingum sem hafa orðið á nýja frumvarpinu og eru í takt við framkomnar áherslur BSRB og þá sérstaklega í sambandi við gjaldskrá vatnsveitna. Það er fagnaðarefni að nú skuli ekki lengur vera lagt til að sett verði í lög 7% arðsemismörk sem og að álag á vatnssölu sveitarstjórna á milli, hafi lækkað úr 7% af bundnu fjármagni í 5%.

Í 10. gr. er tekið fram að tekjur vatnsveitu skuli standa undir rekstri hennar og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun. Þá er einnig sérstaklega tekið fram að tekjur skuli standa undir fjármagnskostnaði og þó svo að það geti talist eðlileg ráðstöfun, þá hefur BSRB óskað eftir áliti félagsmálaráðuneytisins á því hvað þessi umorðun á núgildandi lagagrein sama efnis, geti hugsanlega þýtt háa arðsemiskröfur hjá vatnsveitum í framtíðinni. Ekki hefur borist svar við þeirri fyrirspurn.

Samræmi í lögum

BSRB vill benda á að sé markmiðið með þessum fyrirhuguðu lögum að koma í veg fyrir frekari markaðsvæðingu vatnsveitna landsmanna þá gangi þetta frumvarp mun lengra í átt til markaðsvæðingar en gildandi lög, sem þó var hægt að fara í kringum með sértækum lagasetningum um einstök orkufyrirtæki. Þó svo iðnaðarráðuneytið hafi haft forgöngu um hlutafélagavæðingu orkufyrirtækja þá má eflaust setja spurningarmerki við hvernig sú lagasetning, að því er varðar vatnsveitur sem hluta af viðkomandi orkufyrirtæki, rímar við gildandi lög um vatnsveitur sveitarstjórna og um lögboðið hlutverk þeirra á því sviði.

BSRB hefur leitað álits félagsmálaráðuneytisins á því atriði, en svör hafa ekki borist. BSRB varar við því ef þessi fyrirhugaða lagasetning um vatnsveitur hlutafélaga miðast að hluta til við að leiðrétta hugsanlegt ósamræmi milli nógildandi sveitarstjórnarlaga og settra sérlaga um orkufyrirtæki eins og t.d. Norðurorku hf. Því fyrirtæki var breytt í hlutafélag sem hefur m.a. með rekstur vatnsveitu að gera á sama tíma og gildandi sveitarstjórnarlög segja að vatnsveitur séu lögboðið hlutverk sveitarfélaga.

Ný vatnalög

Í samræðum sem BSRB hefur átt við félagsmálaráðuneytið vegna setningar þessara laga, hefur komið fram að á döfinni kann að vera gerð nýrra heildstæðra laga er snerta vatn. BSRB fagnar því ef slík lög verða sett og vonast til að útgangspunktur slíkra laga verði sú samþykkt Sameinuðu þjóðanna að líta beri á aðgang að drykkjarvatni sem mannréttindi en ekki að farið verði með drykkjarvatn sem hverja aðra markaðsvöru.

Annað:

Í 6. gr. er kveðið á um að nýtt hlutafélag megi innheimta „vatnsgjald með fasteignaskatti“. Spurningin er hvort sé verið að fara inn á nýjar slóðir í innheimtuaðgerðum fyrirtækja sem eru að hluta í eigu einkaaðila – hvort ríkið ætli að gefa einkaaðilum færi á að rukka fyrir veitta þjónustu í samkrulli við innheimtu hins opinbera og hvort hér sé um að ræða fordæmi sem sé eftirsóknarvert.

F.h. BSRB

Svanhildur Halldórsdóttir

Hér á eftir fylgir listi yfir þær slóðir og skýrslur er fylgdu fyrri umsögn BSRB um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Þessar skýrslur og fleiri til er að finna ásamt viðeigandi tenglum á síðu BSRB, Vatn fyrir alla:
<http://www.bsrb.is//page.asp?id=688>

Sé þess sérstaklega óskað er sjálfsagt að finna einstakar skýrslur og senda þær áfram. Vinsamlega hafið þá samband við Pál H. Hannesson, netfang:
phh@bsrb.is

Fylgiskjöl með tillögum BSRB vegna frumvarps til laga um vatnsveitur sveitarfélaga 08.2003.

1. **United Nations. Committee on economic, social and cultural rights.** Geneva, 11 –29 nóvember 2002. Texti sem skilgreinir vatn sem mannréttindi – ekki verslunarvöru.
2. **Ríkisstjórn Hollands tryggir opinber yfirráð yfir vatnsveitum.** Frétt af vef BSRB.
3. **Water in public hands.** Júní 2001. Skýrsla eftir David Hall, háskólanum við Greenwich, unnin fyrir Public Services International Research Unit , PSIRU. Kostir og gallar vatnsveitna í höndum opinbera geirans vs. einkageirans. Ítarleg yfirferð með raunverulegum dæmum. Stuttur útdráttur á íslensku fylgir.
4. **The Water multinationals – financial and other problems.** Ágúst 2002. Skýrsla eftir David Hall, háskólanum við Greenwich, unnin fyrir Public Services International Research Unit , PSIRU. Skýrsla um framgöngu og stöðu fjölþjóðafyrirtækja í vatnsviðskiptum. Fjallar um fjármál og aðferðafræði þeirra, samþjöppun, um vandamál sem komið hafa upp vegna slægrar þjónustu við hina fátækari og spillingarmál.
5. **Water multinationals in retreat – Suez withdraws investment.** Janúar 2003. Skýrsla eftir David Hall, háskólanum við Greenwich, unnin fyrir Public Services International Research Unit , PSIRU. Hvernig vatnsauðhringir hafa lent í fjárhagslegum vandamálum og hvernig þeir heimta opinbera styrki og aðstoð frá þróunarbankastofnunun eigi þeir að veita hinum fátæku sama aðgang að vatni og sömu þjónustu og þeim ríkari.
6. **Thirst for control.** Janúar 2002. Skýrsla unnin af einum helsta sérfræðingi Kanada um GATS-samninginn, lögfræðingnum Steven Shrybman fyrir The Council of Canadians. Fjallar um hinn alþjóðlega vatnsiðnað og hvernig kröfur þær sem GATS-samningurinn gerir geta haft úrslitaáhrif á rétt þjóðríkja til að halda vatni í almenningseign, og hvernig hægt er að halda áfram uppi almennum kröfum um hreinleika vatns auk ýmissa annarra hliða á málinum. Rekur fjölmörg dæmi.
7. **The impact of international services and investment agreements on public policy and law concerning water.** Janúar 2002. Skýrsla unnin af einum helsta sérfræðingi Kanada um GATS-samninginn, lögfræðingnum Steven Shrybman fyrir The Council of Canadians. Stuttur útdráttur á íslensku fylgir. Rekur hver hugsanleg áhrif GATS-samningsins geta verið varðandi möguleika stjórnvalda á hverjum stað að setja eigin reglur og lög og hvernig gengið er á þetta vald.

Einnig hvaða neikvæð áhrif GATS-samningurinn getur haft á möguleika stjórnvalda að setja stranga staðla varðandi hreinlæti vatns, umhverfisvernd og önnur svið sem hingað til hafa verið talin eðlileg umráðasvið innlendra stjórnvalda. Fjallar einnig um sókn alþjóðlegra vatnsfyrirtækja á mörkuðum, þar sem þau stefna að tveimur meginmarkmiðum; að ná undir sig vatnsréttindum og vatnsveitum.

8. **Blue Gold. The Global Water Crises and the Commodification of the World's Water Supply.** Vor 2001. Skýrsla unnin af Maude Barlow fyrir The Council of Canadians. Fjallar um hversu takmörkuð auðlind vatn er, að neysla vatns tvöfaldist á hverjum tuttugu árum sem er helmingi hraðar en fólksfjöldun í heiminum. Hins vegar skorti milljarð manna aðgang að vatni. Áætlað er að árið 2025 verði þörfin á ferskvatni 56% meiri en núverandi framboð. Einkavæðing vatnsveitna, sem hefur verið keyrð áfram á síðustu árum, skilji hins vegar hina fátæku eftir og veiti vatni aðeins til þeirra sem geta borgað. Vatn eigi eftir að verða uppspretta stríðs og átaka í framtíðinni ef ekkert er að gert. Á sama tíma gefi ríkisstjórnir frá sér í auknum mæli vald sitt með undirritun alþjóðlegra verslunarsamninga, sem allir hafa það sameiginlegt að ganga út frá markaðnum og réttindum einkafyrirtækja sem grundvallarforsendu. Í raun þjóna þessir samningar helst stórfyrirtækjum sem vilja líta á vatn sem verslunarvöru sem megi hagnast á. Þetta viðhorf standi þvert á þá skoðun að vatn sé grundvallarmannréttindi og forsenda annarra mannréttinda.
9. **Secret reports and public concerns – a reply to the USAID paper on water privatisation “skeptics”.** 07.08.2002. David Hall fyrir PSI. Svar við ásökunum í skýrslu PADCO, ráðgjafafyrirtækis sem vann fyrir vatnsfyrirtæki og aðra aðila hlynta einkavæðingu vatns. Í PADCO skýrslunni voru gagnrýnendur einkavæðingar “teknir á beinið” og reynt að sýna fram á yfirburði einkavæðingar. Í þessari skýrslu er svarað fyrir sig og bent á óvönduð vinnubrögð og misvisandi framsetningu. Áhugaverð innsýn í þau átök sem eiga sér stað um vatn í dag.
10. **Can risk really be transferred to the private sector? A reiview of experiences with utility privatisation.** Nóvember 2002. Kate Bayliss and David Hall, háskólanum við Greenwich, unnin fyrir Public Services International Research Unit, PSIRU. Skýrslan fjallar um hvort einkafyrirtæki sem taka yfir opinbera þjónustu taki í raun þá áhættu eða ábyrgð þau eiga að létta af opinberum stjórnvöldum og sem oft er forsenda þess að ráðist er í einkavæðingu. Skýrslan rekur hvernig áhætta er færð frá einkageiranum og yfir á opinbera geirann.
11. **Moncton residents dam P3 water plans.** Hluti af árskýrslu CUPE (stéttarfélag opinberra starfsmanna í Kanada) um einkavæðingu. Fjallar um hvernig alþjóðafyrirtækið Vivendi ætlaði að ná samningum við Moncton bæjarstjórnina um yfirtöku á vatns- og skólpveitunni og hvernig tókst að gera þær samningaviðræður opinberar. Þegar ýmsir þættir sem áður höfðu farið leynt voru dregnir fram í dagsljósið, neyddist bæjarstjórnin til að draga áætlanir sínar til baka, enda kom í ljós að viðskiptin voru bæjarfélaginu ekki jafn hagstæð og látið hafði verið liggja að.
12. **The sorry saga of the Montana power company.** Montana River Action. Sögd í stuttu máli saga Montana Power Company en þessi frétt var nýverið tekin til umfjöllunar í fréttapættinum “Sixty minutes” og sýnd á Stöð 2 í mánuðinum. Segir frá hvernig stjórnendur orkuveitunnar lögðu ofurkapp á að

fá lögum og reglugerðum breytt þannig að gjaldskrá fyrirtækisins yrði gefin frjálts og það fengi leyfi til að selja eignir sínar. Stjórn fyrirtækisins gerði sér lítið fyrir og seldi allar eignir orkuveitunnar og fékk álitlegar fjárhæðir í eigin vasa í kjölfarið. Því fylgdi hins vegar stórhækkað rafmagnsverð og að lykilfyrirtæki í fylkinu urðu að hætta starfsemi vegna þess og þúsundir manna misstu vinnu og ævisparnað. Sýnir hverjar afleiðingar “markaðsvæðingar” geta orðið. “Siðlaust en löglegt”.

13. **Canada on Tap –The environmental implications of water exports.** Mars 2002. Skýrsla tekin saman af Jamie Linton fyrir the Council of Canadians. Sýnir fram á umhverfishættur samfara óhóflegri dælingu vatns í tengslum við stórsölu vatns til útflutnings.
14. **Public Water Utilities and Prviatisation in Sweden. Desember 2001.** Jan-Erik Gustafsson, erindi fyrir ráðstefnu á vegum EPSU, Evrópusamtaka verkalýðsfélaga í almannajónustu. Rekur sögu vatnsveitna í Svíþjóð og lagaumhverfi þeirra. Segir af tilraunum til einkavæðingar og hvernig áherslan er að færast aftur yfir á vatnveitur í opinberri eigu, enda séu þær reknar með samfélagsleg sjónarmið í huga, séu hagkvæmar og skili ódýru og hreinu vatni.
15. **The Water Barons.** Fréttir af vatnsmálum frá The Center for Public Integrity. Segir m.a. frá að þó að Frakkland sé heimaland stærstu alþjóðlegu vatnsfyrirtækjanna að þá vilja Frakkar sjálfir ekki sjá erlenda samkeppni í vatni heima fyrir og er haft eftir Jacques Chirac Frakklandsforseta að “Water supply is very much a public service and we should pay attention that Vivendi doesn’t fall into bad hands”.
16. **The Council of Canadians.** Nokkur stutt skjöl og yfirlýsingar. A Water Policy for Canada. The Water Watch Summit Declaration, sept. 1999, Five things you should know about water, Our water is not for sale.
17. **Keep water and water services out of the WTO.** A civil society call to governments at the WSSD. Júní 2002. Áskorunarskjal til ríkisstjórna, sem sýnir hvaða áhyggjur margir hafa af þróun vatnsmála í tengslum við ýmsa samninga WTO, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Viðbót – Council of Canadians:

Brochures and Fact Sheets

- Submissions of the Council of Canadians to Walkerton Inquiry: Concerning Public-Private Partnerships and Other Privatization Initiatives Concerning Water Services (Fact Sheet)
- A Water Policy for Canada (Fact Sheet)
- Five Things You Should Know About Water (Fact Sheet)

Reports and Analysis

- Canada on Tap: The Environmental Implications of Water Exports (Report by Jamie Linton)
- Thirst for Control: New Rules in the Global Water Grab (Report)
- Nothing Sacred: The Growing Threat to Water & Indigenous Peoples (Report by the Interior Alliance of B.C. and The Council of Canadians)

- [Blue Gold: The Global Water Crisis and the Commodification of the World's Water Supply](#) (Report by Maude Barlow)
- [Water Export Controls and Canadian International Trade Obligations: Legal Opinion Commissioned by the Council of Canadians](#) (Report by West Coast Environmental Law)

Articles and Letters

- [Activists Take Centre Stage at Water Forum](#) (Article, CP Spring 2003)
- [The tide is high](#) (Article by Maude Barlow)
- [The Water Watch Summit Declaration](#) (Declaration)
- [A Plan Full of Holes](#) (Statement by Maude Barlow)
- [Our Water's Not For Sale: Fresh water is a public trust, not a private commodity](#) (Article by Maude Barlow)